

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2024/1061****2025/EES/17/28****frá 10. apríl 2024**

**um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 að því er varðar örugg  
skipti á gögnum samræmisvottorðsins á rafrænu formi og lesaðgang að samræmisvottorðinu og  
um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/133 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB <sup>(1)</sup>, einkum b-, d-, e- og f-lið 8. mgr. 37. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/133 <sup>(2)</sup> er mælt fyrir um kröfur um snið og uppbyggingu gagnastaka samræmisvottorða á rafrænu formi og að notað sé evrópska ökutækja- og ökuskríteinaupplýsingakerfið (EUCARIS-kerfið) <sup>(3)</sup> við skipti á þeim gögnum. Í þessari reglugerð eru settar fram frekari kröfur til að tryggja að hægt sé að skiptast á samræmisvottorðum á rafrænu formi með öruggum hætti, með því að tryggja viðunandi öryggisstig rafrænna auðkenningarleiða og til að innleiða úrræði sem gera viðurkenningaryfirvöldum kleift að veita lesaðgang að samræmisvottorðum.
- 2) Til að tryggja hátt öryggisstig í því skyni að koma í veg fyrir óheimilan aðgang og spillingu gagna, tryggja viðunandi stig gagnaverndar og koma í veg fyrir tvítekningu skilaboða og gagnastaka, sem skipst er á, er nauðsynlegt að mæla fyrir um kröfur um viðeigandi hugbúnað og rafræn kerfi sem eru notuð þegar framleiðendur og landsbundnar aðgangsstöðvar skiptast á skilaboðum um upphaflegar upplýsingar um ökutækið (IVI-skilaboð) sem EUCARIS-málsaðili þróaði.
- 3) Til að tryggja að rétt snið og uppbygging séu notuð við skipti á IVI-skilaboðum milli framleiðenda, landsbundinna aðgangsstöðva og EUCARIS-kerfisins ætti að mæla fyrir um staðfestingarferli fyrir þessi skilaboð og gagnastök fyrir milligöngu viðkomandi vefhugbúnaðs og vefkerfis sem notuð eru við skipti á þeim IVI-skilaboðum.
- 4) Til að greiða fyrir aðgangi að formföstum gögnum samræmisvottorðsins á rafrænu formi er nauðsynlegt að innleiða einkvæmt auðkenni tengt tiltekinni gerð ökutækis sem auðvelt er að finna og er til staðar á hverju ökutæki.
- 5) Til að gera viðurkenningaryfirvöldum kleift að veita almenningi lesaðgang að samræmisvottorðum á rafrænu formi ætti að mæla fyrir um kröfur til að tryggja að vefhugbúnaður eða vefkerfi, sem veita samræmisvottorð á rafrænu formi, styðji við slíkan aðgang.
- 6) Þar eð í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/133 er mælt fyrir um kröfur um samsetningu gagnastaka samræmisvottorða þykir rétt, til að tryggja réttarvissu og skýrleika, að breyta þeirri reglugerð með því að gera breytingar á sniði og uppbyggingu þeirra gagnastaka þannig að þau ákvæði séu í einni og sömu reglugerðinni. Því er nauðsynlegt að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/133 þannig að hún feli í sér undanþágu fyrir framleiðendur tiltekinna ökutækja-flokka og gerða ökutækja sem eru framleidd í litlum framleiðsluröðum.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/1061, 11.4.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2025 frá 7. febrúar 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/133 frá 4. febrúar 2021 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 að því er varðar grunnsnið og -uppbyggingu sem og aðferð við skipti á gögnum í samræmisvottorðinu á rafrænu formi (Stjtið. ESB L 42, 5.2.2021, bls. 1).

(3) Samsteypt útgáfa EUCARIS-samningsins um evrópskt ökutækja- og ökuskríteinaupplýsingakerfi, þ.m.t. breytingarnar sem málsaðilarnir undirrituðu 8. júní 2017.

- 7) Til að gera viðurkenningaryfirvöldum, markaðseftirlitsyfirvöldum og skráningaryfirvöldum aðildarríkjanna sem og framleiðendum kleift að gera nauðsynlegar breytingar á rafrænum kerfum sínum og búa sig undir framkvæmd þessarar reglugerðar, ætti að fresta deginum þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda.
- 8) Ekki er nauðsynlegt að fresta gildistöku ákvæða um undanþágu fyrir framleiðendur tiltekinna ökutækjaflokka og gerða ökutækja, sem eru framleidd í litlum framleiðsluröðum, þar eð ekki er gerð krafa um lengri frest varðandi framkvæmd krafanna.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

### Kröfur um örugg gagnaskipti

1. Við gagnaskipti skulu framleiðendur og landsbundnar aðgangsstöðvar EUCARIS-kerfisins nota öruggan staðbundinn vefteigil og fylgja uppbyggingu og meginreglum XML-gerðarlýsingar (e. *Extensible Markup Language (XML) schema structure and principles*).
2. Framleiðendur og landsbundnar aðgangsstöðvar EUCARIS-kerfisins skulu tryggja öryggi vefsetra með því að nota fullgilt vottorð um sannvottun vefseturs sem uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 <sup>(4)</sup>.
3. Við skipti á skilaboðum milli framleiðenda og landsbundinna aðgangsstöðva EUCARIS-kerfisins og innan EUCARIS-kerfisins skal öryggi skilaboðanna tryggt með rafrænni undirskrift í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 910/2014 og dulkóðuðum gagnaskiptareglum.
4. Landsbundnar aðgangsstöðvar EUCARIS-kerfisins og EUCARIS-málsaðilinn, sem hefur verið tilnefndur til að starfrækja kerfið, skulu kveða á um staðfestingu rafrænna undirskrifa með því að sannprófa og staðfesta að kröfurnar, sem kveðið er á um í 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014, hafi verið uppfylltar við undirritun.
5. Landsbundnar aðgangsstöðvar EUCARIS-kerfisins skulu kveða á um rekjanleika skilaboðanna, sem skipst er á fyrir milligöngu þess kerfis, með því að skrá upplýsingar um þau skipti og gera kleift að skoða upplýsingarnar og leita í þeim.

2. gr.

### Kröfur um einkvæmt auðkenni tengt tiltekinni gerð ökutækis

1. Verksmiðjunúmer ökutækis er einkvæmt auðkenni tengt tiltekinni gerð ökutækis.
2. Með fyrirvara um 2. mgr. 12. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/535 <sup>(5)</sup> skal verksmiðjunúmer ökutækis uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 2. lið A-þáttar 2. hluta II. viðauka við þá reglugerð.

<sup>(4)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB (Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 73).

<sup>(5)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/535 frá 31. mars 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 að því er varðar samræmdar verklagsreglur og tækniforskriftir fyrir gerðarviðurkenningu ökutækja, og kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga sem ætluð eru í slík ökutæki, með tilliti til almennra smiðaeiginleika þeirra og öryggis (Stjtið. ESB L 117, 6.4.2021, bls. 1).

3. gr.

#### Lesaðgangur

1. Að því er varðar 5. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858 skal viðurkenningaryfirvald hvers aðildarríkis veita lesaðgang að samræmisvottorðum fyrir milligöngu vefhugbúnaðs eða vefkerfis sem gerir mögulegt að öðlast aðgang að formföstum gögnum samræmisvottorðsins á rafrænu formi með því að nota einkvæmt auðkenni tengt tiltekinni gerð ökutækis sem um getur í 2. gr.
2. Vefhugbúnaðurinn eða vefkerfið, sem um getur í 1. mgr., skal gera mögulegt að öðlast lesaðgang að samræmisvottorði á rafrænu formi með vefhugbúnaði eða vefkerfum sem gerðarviðurkenningaryfirvöld í öllum aðildarríkjum setja upp.

4. gr.

#### Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/133

Eftirfarandi 3. gr. a er bætt við í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/133:

„3. gr. a

**Undanþága fyrir framleiðendur tiltekinna ökutækjaflokka og gerða ökutækja sem eru framleidd í litlum framleiðsluröðum**

Þrátt fyrir 1. og 2. gr. skal nægilegt fyrir framleiðendur tiltekinna ökutækjaflokka og gerða ökutækja, sem eru framleidd í litlum framleiðsluröðum, að veita aðgang að gagnastökum rafrænu útgáfu samræmisvottorðsins með því að skrá gögn handvirkt eða með því að hala upp IVI-XML-skrá.“

5. gr.

#### Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 5. júlí 2025.

Ákvæði 4. gr. koma hins vegar til framkvæmda frá og með 1. maí 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. apríl 2024.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*